

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 130/2512
komudagur 25.5.2004

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



24. maí 2004

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
Mál nr. 996.

Inngangur

Í upphafi þessarar umsagnar skal það tekið fram að frumvarp það sem hér er til umsagnar er ekki samkomulag milli LS og sjávarútvegsráðherra. Frumvarpið birtist LS með þeim hætti að sjávarútvegsráðherra kallaði sóknardaganefnd LS á sinn fund 10. maí sl. Þar tilkynnti ráðherrann ákvörðun sína um framlagningu frumvarps um sóknardagabáta. LS var kynnt efni frumvarpsins og gerði athugasemd við annan „valkost“ frumvarpsins, sem kvað á um að sögn ráðherra 18 daga gólf í sóknardaga. LS sagði það sína skoðun að til að valkostir væru jafngildir þyrfti lágmarksfjöldi sóknardaga að vera 20. Ráðherra var á annarri skoðun hann sagði 18 daga vera skurðpunktinn.

Auk þessa kom fram á fundinum að sóknartakmarkanir yrðu þær sömu og um hafði verið rætt milli LS og ráðherra.

Það urðu LS gríðarleg vonbrigði þegar í ljós kom við lestur frumvarpsins að ofanritað var hvergi að finna í frumvarpinu. Velji menn að halda áfram í sóknardagakerfinu bíður þeirra lakara veiðikerfi en þeir nú eru í, sóknardögum mundi fækka hlutfallslega, en ekki 10% eins og nú er, auk þess sem sóknartakmarkanir voru mun meiri en rætt hafði verið um. Vegna ákvæðisins um hlutfallslega fækkunar sóknardaga miðað við afla sl. fiskveiðiárs, yrði fullkomin óvissa með hvað framtíðin bæri í skauti sér. Valkostirnir eru því að mati LS ekki jafnir eins og ráðherra hafði kynnt. Til styrktar þessari skoðun skal bent á 3. mli. 3. mgr. í 1. gr. athugasemda við frumvarpið: „Hver sá viðmiðunrafli verður er ekki unnt að áætla fyrr en fyrir liggur hvaða bátar verða í sóknardagakerfinu á næsta fiskveiðiári.“

Meginefni

LS leggst ekki gegn því að teflit sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Það á sér ekki fordæmi þegar aðilum er boðið inn í annað veiðikerfi að ekki sé samhliða höfð opin leið fyrir þá sem engan vegin geta fært sig milli veiðikerfa. Frumvarpið er þessa eðlis og leggur LS ofuráherslu á að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram.

Sjái þingmenn sér ekki fært að standa við gefin fyrirheit um festingu lágmarksfjöldi sóknardaga eins og sjávarútvegsráðherra sagði frumvarpið bera í

sér, er engin framtíð í sóknardagakerfi frumvarpsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er framlenging sóknardagakerfisins sýndarmennska ein.

Tillögur að breytingum

1. gr.

- a. Í stað „fjórar handfærarúllur“ komi: fimm handfærarúllur.
- b. Í stað 1. mli. komi: Á fiskveiðiarinu 2004/2005 skal fjöldi sóknardaga vera 20.
4. mli. falli brott.
- c. Í stað „10. maí 2004“ komi: gildistöku laganna.
Í stað „100“ í tl. 1 og 2 komi: 200.
Í stað „fækkar sóknardögum um tvo“ í 1. tl. komi: fækkar sóknardögum um einn“.

Auk framangreindrar breytinga er óskað eftir að 2. mli. 1. mgr. 6. gr. falli brott.

3. gr.

Í 2. mli. 3. tl. komi: við gildistöku laganna, í stað „10. maí 2004“.

Við frumvarpið komi ný grein sem verði 4. gr. þannig að 4. gr. frumvarpsins verði 5. gr.

4. gr.

1. tl. 7. gr. laganna falli brott.

Lokaorð

Það er mat LS að breytingar á frumvarpinum samkvæmt framangreindu muni tryggja að frumvarpið feli í sér tvo jafngilda kosti fyrir eigendur sóknardagabáta þegar þeir taka ákvörðun um veiðikerfi til framtíðar.

Virðingarfyllist


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Ályktun stjórnar LS
frá 18. maí 2004



Stjórn Landssambands smábátæigenda kom saman til fundar þann 18. maí 2004 til að fjalla um sóknardagafrumvarp sjávarútvegsráðherra. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Frumvarp sjávarútvegsráðherra mun að óbreyttu gera sóknardagakerfi handfærabáta að engu. Þessi staðreynd blasir við, þrátt fyrir að frumvarpið væri kynnt LS á þeim forsendum að það fæli í sér tvo jafngilda valkosti varðandi framtíðarskipan veiða sóknardagabáta. Sú er alls ekki raunin og að óbreyttu um hreinar þvingunaraðgerðir að ræða yfir í aflakvótakerfi. Stjórn LS leggst ekki gegn því að tefit sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Krafa LS hefur verið að sett verði 23 daga gólf í sóknardagakerfi handfærabáta.

Sjái þingmenn sér ekki fært að standa við gefin fyrirheit um festingu lágmarksfjölda sóknardaga eins og sjávarútvegsráðherra sagði frumvarpið bera í sér, er engin framtíð í sóknardagakerfi frumvarpsins. Það er með öllu útilokað að taka þann málflutning alvarlega að menn geti vegið það til jafns við þann valkost að fara í krókaafلامarkíð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er framlenging sóknardagakerfisins sýndarmennska ein.

Nú hefur komið í ljós að til virðist gnótt veiðiheimilda sem ekki verða frá öðrum teknar, þegar ná skal því markmiði að stýra með aflakvótakerfi. Þessu hefur hingað til verið þveröfugt farið þegar um er að ræða sóknarstýringu. Stjórn LS hefur ástæðu til að draga þá ályktun að hinn einbeitti vilji til að afleggja sóknardagakerfið þýði að hugað sé að enn frekari tilfærslum slíkra veiðiheimilda í því augnamiði að taka þetta skref til fulls.

Yfirlýst markmið stjórnvalda er að ná sátt við eigendur sóknardagabáta. Slík sátt næst ekki, ef ganga á þvert á vilja stórs hóps þeirra.

Landssamband smábátæigenda hefur alla tíð verið boðið og búið til að vinna að sátt um þessi mál og því lýsir stjórn LS miklum vonbrigðum með vinnubrögð sjávarútvegsráðherra gagnvart forystu félagsins í þeim efnum.

Frumvarp hans endurspeglar orðróm sem stöðugt barst forystu félagsins til eyrna að væru þær hugmyndir sem unnið væri með í sjávarútvegsráðuneytinu. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þar að lútandi var því þverneitað í viðræðum LS við ráðuneytið.

Stjórn LS krefst þess að frumvarpið verði fært til þess vegar að um jafnræði valkosta verði að ræða og brýnir hið háa Alþingi til þeirra verka.

Stjórn Landssambands smábátæigenda